

Til atvinnuveganefndar

Athugasemdir Sólbergs ehf. og Flóka ehf. vegna breytingartillagna sem til skoðunar hafa verið hjá atvinnuveganefnd vegna 153. þingmáls, varðandi kvótasetningu úthafsækju.

Útgerðirnar telja framkomnar breytingar litlu breyta varðandi þá meginhagsmuni rækjuíðnaðarins að kvótaúthlutun hvíli á nýlegri veiðireynslu á úthafsækju. Sú afstaða hvílir á:

- Hreinum sanngirnis og réttisrökum, enda felst í því gríðarlegt högg á núverandi og virka atvinnustarfsemi, að fá einungis 30% veiðirétt, á sama tíma og veiðirétturinn er færður til útgerða sem ekki hafa veitt síðast liðin 3 ár og í raun síðustu 8-10 árin. Frumvarpið gerir t.a.m. ráð fyrir að 52 skip fái úthlutað rækjukvóta sem ekki hafa veitt nokkra rækju að undanförunu. Um er að ræða línubáta, uppsjárveiðiskip og fleiri skip sem engan vegin eru útbúin til rækjuveiða. Útgerðir sem ekki hafa veitt rækju sl. 3 ár hafa ekki hagsmuni af rækjuveiðum!
- Þjóðhagslegum rökum. Mikil hagræðing hefur orðið í uppbyggingu rækjuíðnaðarins á undanförunum árum, þar sem vinnslur og hinar veiðandi útgerðir hafa starfað saman. Fiskveiðiárið 2009-2010 var 8-90% rækjuafllans veiddur með leigukvóta. Af 76 skipum sem höfðu kvóta þrjú fiskveiðiárin 2007/8 – 2009/10 veiddu 5-10 skip rækju. Veiðandi rækjuútgerðir, sem sumar áttu kvóta fyrir 2010, en komu að hluta nýjar inn veiðarnar hafa starfað náið með rækjuvinnslum. Með úthlutun kvóta skv. frumvarpi verður klippt á tengsl veiða og vinnslu. Við það skapast óvissa um hráefnisöflun og veiðar, sem ógnar tugum og hundruðum starfa. Það er ekki ósanngjörn lýsing að segja að saga rækjuveiða sé vörðuð gjaldþrotum útgerða og vinnsla. Nýtt frumvarp mun hugsanlega leiða til fjöldagjaldþrota. Hinn kosturinn er að standa vörð um núverandi rækjuíðnað!
- Úthlutun kvóta til veiðandi rækjuútgerða er í samræmi við grunnrök fiskveiðistjórnunarkerfisins um að þeir aðilar sem veiði haldi veiðirétti við kvótasetningu. Þetta hefur átt við allar kvótasetningar. Kvótasetning hvílir á því að bæta veiðandi útgerðum upp skerðingu á atvinnuréttindum. Kvótasetning hefur aldrei hvílt á því að bæta upp niðurfallin veiðiréttindi, sem eru í engum tengslum við hagsmuni af rækjuveiðum viðkomandi útgerða. Fiskveiðistjórnunarlögin eiga að þjóna hagsmunum þeirra sem standa að verðmætasköpun!
- Lögræðileg rök. Fyrir atvinnuveganefnd hafa verið færð ítarleg lögræðileg rök, sbr. umsagnir. Af lögræðiáliti Lagastofnunar má draga þá ályktun að fyllilega geti staðist að úthluta öllum rækjukvóta til veiðandi útgerða. Við ákvörðun um frjálsar veiðar urðu útgerðir ekki fyrir tjóni, enda fólst í niðurfellingu kvóta aukinn réttur útgerðanna til veiða. Staða í rækjuveiðum frá 2001-2010 er einstök og verður alls ekki borin saman við aðrar tegundir.
- Pólitísk rök. Fiskveiðistjórnunarkerfið er umdeilt. Átti almenningur sig á inntaki rækjufrumvarpsins, mun það ganga fram af mörgum! Frumvarpið felur í sér að 70% veiðiréttar ráðist óháð því hvort útgerðir hafi veitt á undanförunum árum. Verið er að endurverkja gamla rækjukvótann til þess að hægt sé að leigja kvótann til veiðandi útgerða, sbr. að veiðileysi margra eigenda gamla rækjukvótans. Hagsmunir um verðmætasköpun verða látnir víkja fyrir sérhagsmunum. Ekkert sambærilegt dæmi er til staðar í sögu fiskveiðistjórnunarkerfisins!

Alþingi
Evrópuþingurinn
Lögfræðingur

Af hálfu atvinnuveganefndar hafa verið kynntar breytingartillögur við frumvarpið.

- Ákvæði varðandi Byggðastofnunarkvóta snýr í raun að rækjuverksmiðjum og hefur einungis tímabundið gildi. Það magn sem kynni að vera úthlutað til einstakra verksmiðja er óverulegt og samsvarar með engu móti hvaða hráefni verksmiðjurnar fengju frá veiðandi rækjuútgerðum, miðað við veiðireynslu þeirra síðustu 3ja ára.
- Ákvæði um veiðiskyldu mun ekki hafa raunverulega virkni. Útgerðir munu einfaldlega fara fram hjá ákvæðinu á því þriggja ára tímabili sem því er ætlað að gilda. Það verður gert með því að færa hlutdeildina með kvöð á þóknanleg rækjuskip. Þau skip munu veiða yfir 50% viðmiðinu, en eftir lok 3ja ára tímabilsins verður rækjukvótinn færður aftur á skip sem engar rækjuveiðar hafa stundað síðustu 8-10 árin. Eina leiðin til að tryggja að sú hagræðing sem orðið hefur í rækjuveiðum sl. ár, er að úthluta rækjukvóta til veiðandi rækjuútgerða samkvæmt nýlegri veiðireynslu.

Þess er óskað að farið verði ítarlega yfir málið á grundvelli alls framangreinds.

2. mars 2014

Fyrir hönd útgerðanna Flóka ehf. og Sólbergs ehf.